

94. Auglýsing um kennslu í yfirsetufræði handa þeim læknaefnum, sem tekið hafa próf á Íslandi
(á Íslenzku og Dönsku).

1871.

31. oktbr.

Samkvæmt þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar hefir Hans Hátign konunginum þóknast 21. þ. m. allramildilegast að úrskurða:

1) að þeir læknisfræðingar, sem útlærðir eru á Íslandi, megi ekki eptirleiðis fá héraðslæknis-embætti þar, nema því að eins að þeir áður hafi notið kennslu í yfirsetufræði á hinn konunglegu fræðingarstofnun í Kaupmannahöfn, og sanni það með vitnisburði yfirkennarans í yfirsetufræðinni;

2) að hið sama, að svo miklu leyti, sem unnt er, verði heimtað af hinum íslenzku læknaefnum, sem héraðslækna störf verða falin á hendur, samkvæmt konungsúrskurði 10. maí 1867 (sbr. auglýsing dómsmálastjórnarinnar 31. s. m.) 1. gr. fyrir þann styrk úr hinum íslenzka læknasjóði, sem þar er getið;

3) að veita megi sérhverjum læknisfræðingi, sem útlærður er á Íslandi, og fer til Kaupmannahafnar, til þess að njóta nefndrar kennslu, 300 rd. styrk, sem skal greiða úr hinum íslenzka læknasjóði, ef kostnaðurinn verður ekki borgaður á annan hátt; og

4) að borga megi hlutaðeiganda læknisfræðingi helminginn af styrknum þá er hann fer frá Íslandi, og hinn helminginn í Kaupmannahöfn, jafnskjótt og hann hefir sýnt fram fyr nefndan vitnisburð.

Þetta skal hærmeð kunngjört til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálastjórninni 31. dag oktbr. 1871.

Fr. Krieger.

Fr. Reinhardt.